

## 10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að taka gildi 1. júní 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 431, 17. október 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. maí 1987.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ****um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna- og skipasala.**

## 1. gr.

Þeim einum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningar-skyldum skipum, sem hafa fengið löggildingu dómsmálaráðuneytisins samkvæmt I. kafla laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 eða hafa hlotið leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum um fasteignasölu nr. 47/1938 og lagt fram tryggingu samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1987.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmennt þurfa eigi leyfi eða löggildingu til þeirra viðskipta sem lýst er í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986.

## 2. gr.

Trygging sem fasteignasali skal leggja fram skal vera að fjárhæð kr. 10 000 000. Skal hún tryggja bætur vegna fjárhagslegs tjóns sem fasteignasali kann að verða ábyrgur fyrir í starfi sínu sem fasteignasali svo og kostnað sem af slíku leiðir.

Tryggingarupphæðin skal breytast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu frá 1662 stigum.

## 3. gr.

Til að fullnægja tryggingarskyldu samkvæmt 2. gr. skal fasteignasali kaupa vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi.

Falli vátrygging úr gildi skal vátryggingarfélagið tilkynna það dómsmálaráðuneytinu innan viku.

Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem rekja má til atvika sem eiga sér stað þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið sannanlega tilkynnti um að váttrygging hafi fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

4. gr.

Lögmenn sem annast fasteigna- og skipasölu og ekki hafa hlotið leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938, skulu hafa fengið til þess löggildingu samkvæmt 2. gr. laga nr. 34/1986 fyrir 1. september 1987 hyggist þeir stunda slíka starfsemi eftir þann tíma.

Þeir sem hafa hlotið leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938 og stunda fasteignasölu skulu fyrir 1. september 1987 framvísa í dómsmálaráðuneytinu gögnum um að þeir fullnægi tryggingarskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

Fasteignasalar skulu jafnframt tilkynna dómsmálaráðuneytinu um hvar starfsstöð þeirra er.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987, og öðlast gildi 1. júní 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1987.*

**Jón Helgason.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykhólahrepps, Geiradalshrepps, Gufudalshrepps, Flateyjarhrepps og Múlahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 15. maí 1987 staðfest sameiningu allra sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu þ.e. Reykhólahrepps, Geiradalshrepps, Gufudalshrepps, Flateyjarhrepps og Múlahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist:

Að sameining þessi skal taka gildi 4. júlí 1987.

Að nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Reykhólahreppur.

Að ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Reykhólahrepps, fari fram 20. júní 1987.

Að fulltrúar í sveitarstjórn hins nýja Reykhólahrepps skulu vera sjö.

Að kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1987.*

**Alexander Stefánsson.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*